

20. Bréf domsmálastjórnarinnar til landfógetans á Íslandi,
um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu
1871—72.

1871.

4. marz.

(Fyrsti kaffi er samhljóða upphafinu á bréfinu næst á undan).

Um leið og vèr bætum því við, að þeim yfirvöldum á Íslandi,
sem í hlut eiga, hefir verið gefin í dag vísbending um þetta efni,
leiðum vèr athygli yðar að því, að frá 1. apríl þ. á. á að byggja
jarðabókarsjóðs-reikninginn, (o. s. frv. eins og í bréfinu næst á undan
til stiptamtanns).

21. Auglýsing, sem hefir inni að halda áætlun um
tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá
1. aprílmánaðar 1871 til 31. marzmánaðar 1872.
(á Íslenzku og Dönsku).

4. marz.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir
hans hátign konunginum þóknazt í dag allramildilegast að fallast
á áætlun þá, sem hér fylgir, um tekjur og útgjöld Íslands á
reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1871 til 31. marzmánaðar 1872.

Fyrsti kapítuli.

Tekjur.

1. gr.

Á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1871 til 31. marz-
mánaðar 1872 er ætlazt til, að tekjur Íslands sè 92,832 rd. 21 sk.,
en þetta fè fast með því móti, sem skýrt er frá í 2. til 4. gr.

2. gr.

Þær tekjur, sem hér skulu taldar, er ætlað að nemi 36,354
rd. 6 sk.: